

1509105

Engjavegi 59, 12. september 2015

Málefni: Engjavegur frá Reynivöllum að Langholti

Ágæta bæjarstjórn

v/Engjaveg hef ég búið í rúm 46 ár og oft hef ég ásamt fleirum íbúum við þennan veg sent bréf og komið að máli við ykkur vegna hraðaksturs frá Reynivöllum austur að Langholti, en svo einkennilega vill til að ekki hefur verið hlustað þrátt fyrir mörg óhöpp og þar á meðal kappakstur bíla sem enduðu upp við stofuglugga í húsum sitt hvoru megin við mitt hús. Núna árið 2015 finnst mér að tími sé komin til þess að bæta úr þessu og gera eitthvað varanlegt vegna þessa hættuástands. Engjavegurinn er íbúahverfi en ekki hraðbraut í gegn, Þrjár hættulegar göngu/hjóla brautir liggja út á Engjaveg, þ.e. í gegnum Gestshúsagarðinn, og aftur aðeins austar við enda Gestshúsagarðsins og síðan frá Grenigrund, í framhaldinu af þessum (malar) stígum vantar sebrabrautir (og/eða hraðahindranir) yfir Engjavegin, börnin koma á fleygiferð á hjólunum sínum á leið í skóla eftir þessum stígum og áfram yfir Engjavegin án þess að líta til hægri eða vinsti og bílarnir æða áfram á 50 - 80 km hraða, það sér hver heilvita maður hverju þetta getur valdið, við íbúarnir viljum ekki bíða lengur eftir varanlegum aðgerðum. Svo er það malarplanið fyrir framan Gesthús sem er okkur öllum til skammar, það er löngu komin tími á að malbika það eða setja eitthvað gott varanlegt slitlag þar á, í stað malarinnar sem þeytist yfir allt sem fyrir er þegar ökutækin koma spólandi inn á það. Það er von mín að þetta verði lagað sem allra allra fyrst svo við íbúarnir getum verið hreykin af hversu vel bæjarfélagið hugsar um okkar fallega bæ.

Með von um skjótar úrbætur

Sigríður J. Guðmundsdóttir kt. 191042-2989

íbúi v/Engjaveg 59



ARBORG.	
Dfrn. 10.21	Mótt. 15/9 14
Abm. A. Stef.	Mnr. 1509105